



Lagt fyrir 429. fund velferðarráðs 25. maí 2022
VEL22050010
RÁ/bm

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjölgun þjónustubátta í heimaþjónustu

Þann 4. maí 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur fengið ábendingu frá eldri borgurum sem búa heima og eru einir að þeir eigi erfitt með að komast út með sorp og í sumum tilfellum hefur sorp hlaðist upp á heimili þeirra. Spurt er hvað fólk á að gera í þessum aðstæðum? Fulltrúi Flokks fólksins var með tillögu fyrir skemmstu þess efnis að fjölga þjónustubáttum heimaþjónustu og myndi þessi þáttur koma þar inn, að aðstoða fólk við að flokka sorp og koma því út úr húsi. Sú tillaga var þá felld. Það er mikilvægt að finna á þessu lausn því þetta er raunverulegt vandamál og háir ákveðnum hópi aldraðra mjög mikið, fólki sem býr heima og hefur ekki heilsu eða þrek til að koma sorpi út af heimilinu og á ekki ættingja eða vini sem geta aðstoðað.

Svar:

Í nýjum reglum Reykjavíkuborgar um stuðningsþjónustu sem samþykktar voru í velferðarráði 6. október 2021, í borgarráði 14. október sama ár og tóku gildi þann 1. febrúar 2022 er fjallað um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25. - 27. gr. og X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Í nýju reglunum er lögð meiri áhersla á sveigjanleika og að miða við einstaklingabundnar þarfir heldur en var í eldri reglum um félagslega heimaþjónustu í Reykjavík sem höfðu verið í gildi frá 18. maí 2006.

Áður en þjónustan hefst er gert mat á stuðningsþörf, sem fer fram á heimili notanda og í samvinnu við hann. Notandi gerir þá grein fyrir því hvers konar stuðning hann þarf til að ráða við daglegt líf. Hann setur sér markmið um það sem er honum mikilvægast að geta gert. Stuðningsáætlun er gerð með notanda og í sameiningu ákveðið hvað og hvernig þjónustan eigi að fara fram. Ekki er um fyrirfram staðlaða þjónustubætti að ræða heldur kemur starfsfólk kemur til móts við einstaklingabundnar þarfir notanda og leiðbeinir, styður og/eða þjálfar notanda til að geta gert það sem er honum mikilvægt eða aðstoðar viðkomandi með það sem hann getur ekki gert sjálfur.

Markmið notanda geta verið ýmis konar og t.d. geta þeir sem hafa ekki heilsu eða þrek til að koma sorpi út af heimilinu, fengið aðstoð við það.